


Skóli Ísaks Jónssonar

INNRA MAT

**Skýrsla fyrir
skólaárið 2017-2018**



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
1. Inngangur	3
2. Markmið og tilgangur matsins.....	3
3. Aðferðir og framkvæmd matsins	3
4. Niðurstöður og stutt samantekt	4
5. Lokaorð	4

Kynning á innra mati skólans 2017-2018

1. Inngangur

Í innra matsteymi skólans í ár eru: Þóra Elísabet Kjeld kennari og verkefnastjóri, Ebba Áslaug Kristjánsdóttir kennari og verkefnastjóri, Lára Jóhannesdóttir skrifstofustjóri og Sigríður Anna Guðjónsdóttir skólastjóri.

Á skólaárinu var gerð ítarleg könnun meðal starfsmanna skólans. Að þessu sinni var leitað til fyrirtækis utan skólans sem rekur vefkerfið Skólapúlsinn um framkvæmd könnunarinnar. Með því móti gafst tækifæri til að bera saman niðurstöður úr starfsmannakönnun Ísaksskóla við niðurstöður sambærilegrar könnunar í öðrum skólum. Allir starfsmenn fengu spurningar varðandi almenna þætti og viðhorf til skólans en auk þess voru lagðar spurningar fyrir kennara skólans varðandi starfsumhverfi, símenntun, mat og endurgjöf. Í lok könnunarinnar voru allir beðnir um að lýsa því sem þeir töldu sérstaklega gott við skólann og hvað þeir töldu að mætti betur fara.

2. Markmið og tilgangur matsins

Markmiðið með starfsmannakönnuninni er að skoða hvar skólinn er að standa sig vel gagnvart starfsmönnum sínum og hvar eru tækifæri til að gera betur. Einnig að bera saman hvar við stöndum í samanburði við aðra skóla þegar kemur að starfsháttum og starfsánægju í skólanum. Könnunin gefur mikilvægar vísbendingar um hvar úrbóta er þörf og við gerð umbótaáætlunar skólans er tekið mið af niðurstöðum hennar.

3. Aðferðir og framkvæmd matsins

Starfsmannakönnunin fór fram í mars 2018 og Skólapúlsinn sá um framkvæmd hennar. Könnunin var lögð fyrir samtímis í 41 grunnskóla um land allt og Ísaksskóli var í fyrsta sinn einn þátttökuskólanna. Könnunin mældi 11 almenna þætti og þar fyrir utan voru kennarar beðnir að gefa upplýsingar um 31 þátt. Könnunin var megindegleg og byggð upp á fjölvalsspurningum en í lokin voru tvær opnar spurningar. Könnunin fór fram á netinu og var send á tölvupóstföng starfsmanna. Fjöldi skráðra þátttakenda í Ísaksskóla var 37, þar af voru 35 sem svöruðu könnuninni. Svarhlutfall var því 94,6%. Niðurstöður bárust frá Skólapúlsinum í apríl og farið var yfir þær á starfsmannafundi í byrjun júní. Eintak af könnuninni liggur frammi á kaffistofu starfsmanna þar sem allir geta kynnt sér niðurstöður hennar.

4. Niðurstöður og stutt samantekt

Við túlkun á niðurstöðum könnunarinnar var haft samband við yfirmann Skólapúlsins, Kristján K. Stefánsson og hann beðinn um að draga saman helstu niðurstöður. Samkvæmt svari hans benda niðurstöður könnunarinnar til að starfsánægja og ánægja með stjórnun skólans sé töluvert betri en í viðmiðunarskólunum. Sem dæmi má nefna voru 71% starfsfólks mjög sammála því að vel væri tekið á móti nýju starfsfólki samanborið við 29% í viðmiðunarskólunum. Jafnframt segir hann niðurstöður benda til þess að starfsandi og upplýsingastreymi sé mun betra en í viðmiðunarskólunum. Mjög lítið var um neikvæða þætti en þó má sjá tækifæri til úrbóta þegar kemur að vinnuaðstöðu starfsmanna. Einungis 39% starfsmanna í Ísaksskóla var sammála fullyrðingu um að vinnuaðstaða þeirri væri góð samanborið við 78% í viðmiðunarskólunum.

5. Lokaorð

Það kom okkur í innra matsteymi ánægjulega á óvart að sjá hversu jákvæðar niðurstöður könnunarinnar voru samanborið við niðurstöður annarra skóla. Farsælt skólastarf stendur og fellur með starfsfólki skólans og því er starfsánægja þeirra afar mikilvæg. Könnunin varpar ljósi á mjög marga þætti í skólastarfinu og stöðu Ísaksskóla gagnvart öðrum skólum. Niðurstöður hennar hjálpa okkur til að skýra þá þætti sem við viljum leggja áherslu á í framhaldinu og eru okkur hvatning til að gera enn betur. Umbótaáætlun skólans mun taka mið af starfsmannakönnuninni og niðurstöðum hennar.

Umbótaáætlun skólans má finna [hér](#)